

Lög

um breytingar á ýmsum lögum vegna framlengingar á gildistíma samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.).

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum orðast svo:

Í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. maí 2011, sem framlengt hefur verið til 31. desember 2014, með viðauka frá 5. mars 2014, greiðir ríkissjóður árlegt framlag á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi.

II. KAFLI

Breyting á lögum um námsgögn, nr. 71/2007, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum orðast svo:

Á fjárlagaárinu 2014 greiðist framlag skv. 1. mgr. 6. gr. af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga. Í samræmi við samkomulag frá 5. október 2011, um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og viðauka við það frá 5. mars 2014, verður framlagið innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember á næstliðnu ári.

III. KAFLI

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

3. gr.

4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. skal framlag samkvæmt þeirri málsgrein, á fjárlagaárinu 2014, greitt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga. Í samræmi við samkomulag frá 5. október 2011, um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og

viðauka við það frá 5. mars 2014, verður framlagið innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember á næstliðnu ári.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

4. gr.

3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögnum orðast svo: Framlög ríkis og sveitarfélaga. Á árinu 2014 greiðast 50 millj. kr. af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, til verkefnis varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Í samræmi við samkomulag frá 5. október 2011, um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, viðauka við það frá 5. mars 2014 og samkomulag um varasjóð húsnæðismála frá 23. nóvember 2010 verður framlagið innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember á næstliðnu ári.

V. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XV í lögnum orðast svo:

Á árinu 2014 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kostnað sveitarfélaga vegna eftirtalinna verkefna eftir því sem nánar er ákveðið í fylgiskjali með samkomulagi frá 5. október 2011, um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og viðauka við það frá 5. mars 2014:

- a. Sumardvalarheimilis í Reykjadal, sbr. fjárlagalið 08-809-1.35.
- b. Tölvumiðstöðvar fatlaðra, sbr. fjárlagalið 08-809-1.15.
- c. Vistheimilisins Bjargs, sbr. fjárlagalið 08-809-1.36.

Í samræmi við samkomulag frá 5. október 2011, um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og viðauka við það frá 5. mars 2014, verður kostnaður vegna verkefna skv. 1. mgr. innheimtur af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember á næstliðnu ári.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 14. maí 2014.